

Reykjavík, 28. október 1992

FRÉTTATILKYNNING FRÁ SAMTÖKUM UM KVENNALISTA.


Landsfundur Kvennalistans, 1992, verður haldinn á Laugarvatni dagana 30. okt. til 1. nóv. nk. Fundir verða í barnaskólanum á Laugarvatni en fundargestir gista í Íþróttamiðstöðinni.

Landsfundur verður settur á föstudagskvöld klukkan 20:15. Þá um kvöldið hefst umræða um evrópskt efnahagssvæði en henni verður fram haldið daginn eftir. Á laugardag hefst fundur klukkan 9:30 með því að lögð verður fram skýrsla framkvæmdaráðs og reikningar. Því næst ræðir Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, þingkona, stjórn málaástandið. Á laugardag verða síðan tekin fyrir ríkisfjármál, atvinnuástandið og sveitarstjórnarmál, svo eitthvað sé nefnt. Síðdeggið nýta konur til hópavinnu, skrafs og ráðagerða. Á sunnudag verða kynntar tillögur að breyttu skipulagi málefnavinnu innan Kvennalistans. Þá verður einnig almenn umræða um ályktanir og þær afgreiddar.

Tvö hádegisverðarerið verða flutt á landsfundinum. Á laugardag talar Sigrún Helgadóttir, umhverfisfræðingur, um Jörðina og okkur. Og á sunnudag verður Kristín Einarsdóttir, þingkona, með erindi um umhverfisráðstefnuna í Rio de Janeiro fyrr á árinu. Það erindi ber heitið Ríó í máli og myndum.

Athygli er vakin á rútuferð frá BSÍ klukkan 17:55 á föstudag. Landsfundurinn er opinn öllum Kvennalistakönnum.

f.h. Samtaka um kvennalista


Þórunn Sveinbjarnardóttir